

I Sauðfé

Allt sauðfjárinnlegg staðgreitt áfram

Sláturfélagið innleiddi þá kjarabót í fyrra að staðgreiða allt sauðfjárinnlegg þ.m.t. útflutningsskyldu. Enginn sláturleyfishafi hafði gert slíkt áður. Þessu verður fram haldið í haust og allt innlegg greitt inn á bankareikninga innleggjenda föstudag eftir innleggsviku. Aðeins tveir aðrir sláturleyfishafar bjóða sambærilegan greiðslumáta svo vitað sé.

Verðlagning sauðfjárafurða

Sláturfélagið hefur birt á vef sínum uppfærða verðskrá haustsins. Hækkun á verðskrá er afturvirk og gildir fyrir alla slátrun frá miðjum ágúst. Verðið er sambærilegt við það sem best býðst. Við samanburð á verði milli sláturleyfishafa skiptir verð einstakra flokka máli að teknu tilliti til flokkunar. Það hefur engan tilgang nema þá að villa fyrir bændum að búa til hátt verð á flokka sem örfá lömb flokkast í.

M.v. flokkun SS í fyrra er meðalverð sem SS greiðir nú 362,8 kr/kg, SAH 361,7 kr/kg, Norðlenska 360,4 kr/kg og KS/SKVIH 363,7 kr/kg.

Í raun eru þeir kostir sem bændum bjóðast áþekkir enda verður aldrei neinn munur sem skiptir máli á svona markaði. Ákvörðun bænda um viðskipti snýst því fremur um það í hvernig félagi þeir vilja starfa og hvar langtímahagsmunum þeirra er best borgið. SS er samvinnufélag framleiðenda. Í eigu bænda og stjórnad af bændum. Það er von undirritaðs að sem flestir sjái sér hag í að vinna með Sláturfélaginu. Jafnframt er bent á að SS er eina félagið sem er með yfirborganir í nóvember.

Verðskráin verður endurskoðuð aftur ef þörf krefur.

Holdfylling/fita	1	2	3	3+	4	5
E	401	401	395	351	266	246
U	399	402	385	350	265	241
R	368	381	359	300	241	234
O	324	366	316	290	235	232
P	289	289	216	218	175	201
VP	128					
VR			291		250	
VHR			58		45	
VHP	52					
FP	42					
FR			105		48	

Útflutningsverð er 237 kr/kg, greitt sama á alla flokka.

Viðtakandi:

Sláturáætlun og yfirborganir

Eftirfarandi er sláturáætlun. Mikilvægt er að bændur panti sem fyrst fyrir slátrun til að tryggja sér sláturdaga. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir vikur fyrir og eftir hefðbundna slátrun sem eru með takmörkuðu magni. Ef ekki er samkomulag við deildarstjóra um annað

skulu þessar pantanir berast beint til Selfoss. Skipulagning hefðbundinnar slátrunar er í höndum deildarstjóra og skal óskum um slátrun komið sem fyrst til þeirra.

Sláturvika	Yfirborgun Markaðsr.	Yfirborgun SS á innanlandshluta	Samt pr/kg m.v. 15 kg. dilk	Útflutn.- hlutfall	Sl. fjöldi
33 {13.-17. ágúst}	1100 kr. dilk	45 kr/kg	118 kr/kg	10%	600 stk.
34 {20.-24. ágúst}	800 kr/dilk	37 kr/kg	90 kr/kg	10%	1.200 stk.
35 {27.-31. ágúst}	500 kr/dilk	29 kr/kg	62 kr/kg	10%	2.000 stk.
36 {3.-7. sept}	200 kr/dilk	39 kr/kg	52 kr/kg	10%	7.000 stk.
37 {10.-14. sept}		35 kr/kg	35 kr/kg	16%	11.000 stk.
38 {17.-21. sept}		12 kr/kg	12 kr/kg	16%	11.000 stk.

Vetrar- og páska slátrun sauðfjár

Sláturvika	Geymslugjald	Yfirborgun SS á innanlandshluta	Samt pr/kg	Útflutn.- hlutfall	Sl. fjöldi
44 {29. okt-31. okt}				16%	11.000 stk.
44 {1.-2. nóv}	6,5 kr/kg	5,5 kr/kg	12 kr/kg	16%	
45 {5.-7. nóv}	6,5 kr/kg	18,5 kr/kg	25 kr/kg	16%	11.000 stk.
45 {8.-9. nóv}	6,5 kr/kg	10,5 kr/kg	17 kr/kg	10%	
46 {12.-16. nóv}	6,5 kr/kg	18,5 kr/kg	25 kr/kg	10%	2.000 stk.
47 {19.-23. nóv}	6,5 kr/kg	25,5 kr/kg	32 kr/kg	10%	1.500 stk.
48 {26.-30. nóv}	6,5 kr/kg	30,5 kr/kg	37 kr/kg	10%	1.000 stk.
Páskar '08 {17. mars}	32,5 kr/kg	45 kr/kg	77,5 kr/kg	10%	800 stk.

Yfirborgun Markaðsráðs og SS er á flokka E-O, fitufl. 1-3+. Bændasamtökin greiða bændum geymslugjaldið og er að jafnaði greitt um 6 vikum eftir lok innleggsmánaðar. Miðað er við að geymslugjald verði óbreytt.

Ærslátrun – Tvíreifa gærur

Sláturfélagið tekur ær til slátrunar allar vikur nema yfir háannatímam ca. 25. sept til loka október er diltar hafa forgang. Margir bændur meta að geta losnað við ærnar með lömbunum. Það er mikilvægt að bændur rýi ær þannig að gæran standi undir þeim verðmætum sem hún á að gera. Tvíreifa ær eru ónothæfar og þarf að urða með ærnum kostnaði.

Heimtaka – Framkvæmd

Eins og áður hefur komið fram verða bændur að ákveða við afhendingu á fjárbíl hvaða flokka og fjölda þeir ætla að taka heim og hvernig á að meðhöndla kjötið. Það er ekki hægt að bakfæra innlegg og breyta viktarseðlum eftirá. Slíkt truflar kjötmatið og hafa innleggjendur SS

og SS verið gagnrýnd fyrir það af Yfirkjötmatinu. Bændur eru beðnir að merkja á móttökukvittun við afhendingu fjár hvaða flokka þeir vilja taka heim. Nauðsynlegt er að beiðnir verði skriflegar með þessum hætti og að hægt sé að skrá inn í kjötmatskerfið heimtökuóskir áður en mat fer fram.

Gjald fyrir slátrun á heimteknum sauðfé verður 105 kr/kg auk vsk. Innifalið í heimtökugjaldinu er 7 parts sögun. Ef óskað er finsögunar kostar hún aukalega 225 kr/skrokk auk vsk.

Ef kjötið er ekki sótt innan 3 daga verður það fryst og sett í stæður. Eftir það geta bændur ekki fengið eigið kjöt en leitast verður við að afhenda þeim sömu flokka.

Ef bændur geta ekki sótt kjötið til Selfoss er boðið upp á pökkun í poka og kassa fyrir fast gjald 300 kr/skrokk auk vsk. Hægt er að fá kjötið sent án kostnaðar til SS á Hvolsvelli en á aðra staði er sent með Flytjanda á kostnað móttakanda. Ekki er lengur hægt að fá kjöt sent til Fossháls sem hefur ekki nægilega góða aðstöðu fyrir slíkar sendingar.

Slátur fylgir ekki heimteknu kjöti.

Flutningar á sauðfé - Lágmarksfjöldi

Það er mikilvægt að bændur og Sláturfélagið vinni áfram saman að því að bæta líðan fjár á leið til sláturhúss. Það eru bein tengsl á milli dýravelferðar og gæða afurða. SS leggur til vönduð flutningstæki og leggur áherslu á reynda samviskusama bílstjóra. Bændur þurfa að hafa góða aðstöðu til hleðslu bíla og leggja kapp á að skila fé hreinu á bíl. SS mun í haust eins og síðasta haust skrá niður aðstöðu á bæjum og þann tíma sem tekur að koma fénu á bíl. Það eru nokkrir bændur sem þurfa að bæta aðstöðu til hleðslu fjárbíla. Ella bitnar langur hleðslutími hjá þeim á fé nágretta þeirra og eykur jafnframt flutningskostnað vegna lakari nýtingu bíla.

Lömb eiga ekki að fara södd á sláturbíl en mikilvægt að þau hafi haft nægan aðgang að vatni fyrir flutning.

Sömu reglur gilda og áður til að tryggja nýtingu flutningstækja. Ekki verður sótt á bæ nema þar séu að lágmarki 30 kindur. Minni partí þarf að sameina með öðrum svo fremi sem það er heimilt vegna heilbrigðisreglna.

Verktakaslátrun á Hvammstanga

Í gildi er samningur við Sláturhús KVH á Hvammstanga um verktakaslátrun. Eingöngu er hægt að nýta þessa verktakaslátrun á haustsláturtíma, vikur 39-43. Greiðslutími, flutningsgjald og öll önnur fjárhagsleg atriði sem snúa að innleggjendum verða þau sömu eins og við innlegg á Selfossi. Það magn sem hægt er að fá slátrað í verktöku er takmarkað og þarf 2 vikna aðdraganda. Því er nauðsynlegt að þeir sem hafa áhuga á að nýta sér innlegg til SS með slátrun á Hvammstanga panti snemma til Selfoss til að fá upplýsingar um hvaða vikur eru opnar. SS áskilur sér rétt til að slátra á Selfossi ef hægt er að taka við sláturfé á Selfossi þá daga sem beiðni hefur verið um verktakaslátrun.

Rafrænir vigtarseðlar

Allir innleggjendur geta fengið vigtarseðil og innleggsskrá fyrir Fjárvis send samdægurs með tölvupósti. Notkun og varsla á rafrænu formi er mun þægilegri en gamli pappírinn. Koma þarf beiðni og upplýsingum um netfang til Selfoss til að hægt sé að senda gögnin.

II Útflutningur til Whole Foods í Bandaríkjunum

Norðlenska sem pakkað hefur fersku kjöti og selt Whole Foods keðjunni í Bandaríkjunum er hætt því verkefni. SS hefur tekið við og verður fyrsta sending afhent í lok þessarar viku.

Byggt verður á þeirri reynslu sem félagið hefur öðlast í verkun fyrir Danmörku og leitast við að einfalda framleiðsluna og auka hagkvæmni frá því sem var hjá Norðlenska. Það er ljóst að veruleg áhætta er fólgin í útflutningi á fersku kjöti til Bandaríkjanna og sendingar

geta eyðilagst. Árangur í útflutningi til Danmerkur er hins vegar mjög góður og vill SS láta á það reyna hvort hægt er að ná sama árangri til USA.

Eins og staða dollars er nú er ekki mikill fjárhagslegur ávinningur af þessu verkefni en metið að framtíðarhagsmunir geti verið töluverðir auk þess sem það er mjög jákvætt fyrir innlendan markað að vel gangi að selja lambakjöt til kröfumestu markaða erlendis.

III Sala eigna SS á Klaustri

Stjórn SS samþykkti á fundi sínum í dag að selja allar eignir félagsins á Kirkjubæjarklaustri. Kaupendur eru traustir aðilar sem hyggjast byggja upp ferðaþjónustu

og aðstöðu fyrir menningar- og listatengda þjónustu í samvinnu við heimamenn. Það er Sláturfélaginu mikið ánægjuefni að svo góð notkun verði á þessum eignum.

IV Kjötmjölsverksmiðjan

Í lok janúar keyptu SS og Reykjagarður hlutafélagið Förgun ehf. af Kaupþingi. Förgun á og rekur kjötmjölsverksmiðjuna fyrir austan Selfoss. Ætlunin með kaupnum var að tryggja umhverfisvæna og hagkvæma ráðstöfun á sláturúrgangi til lengri tíma litið en árið 2009 verður bannað að urða ómeðhöndlaðan sláturúrgang. Ísflugl, Sláturhúsið á Hellu og Sorpstöð

Suðurlands hafa gengið í hluthafahópinn sem styrkir félagið og gefur því miklu meiri úrgang til að vinna úr. Til að kjötmjöl og fita sem kjötmjölsverksmiðjan framleiðir séu söluhæfar verður allur úrgangur sem fer inn í verksmiðjuna að vera hættulíttill. Það gerir kröfur um flokkun í sláturhúsi og getur sett takmarkanir á hvernig hægt verður að skipuleggja slátrun.

V Fóðurmál

Tæknilegur undirbúningur að innflutningi á kjarnfóðri í stórum stíl er langt kominn. Reiknað er með að almenn sala á suðurhluta landsins geti hafist í byrjun nóvember. Aðrir landshlutar fylgja á eftir. Töluvert magn af

kjarnfóðri hefur verið flutt inn í stórsekkjum og selt til reynslu. Bændur hafa verið mjög ánægðir með fóðrið og bíða þess að hægt sé að hefja innflutning af krafti.

VI Nýjungar í vörulínu SS

Sífelld er bætt við nýjungum og má hér sjá nokkrar af þeim síðustu.



Mörgum nýjungum var bætt við sumarlínuna fyrir grillið og má hér sjá eina þeirra sem gekk mjög vel.



Tveimur fiskréttum var nýlega bætt við „1944“ línuna og má hér sjá annan þeirra, plokkfisk.



Ein gömul og góð byggð á gamalli hefð sem hefur vakið stormandi lukku.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000

Fyrirvari er gerður um prentvillur